

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis 26. september 2023: Tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um lækkun hámarkshraða á Suðurlandsbraut. MSS23090113

Lagt er til að íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að breyta tafarlaust hámarkshraða við Suðurlandsbraut, úr 60 km/klst niður í 40 km/klst, í samræmi við hámarkshraðaáætlun Reykjavíkur.

Greinargerð:

Suðurlandsbraut er mikill ferðatálmi milli hverfisins og Laugardalsins þangað sem íbúar hverfisins sækja fjölbreytta þjónustu, tómstundir og afþreyingu. Nýleg umferðarslys/bílveltur í götunni draga fram með skýrum hætti það skerta öryggi sem óvarðir vegfarendur standa frammi fyrir í nágrenni við götuna og þegar hún er þveruð. Íbúaráðið tekur því undir áhyggjur íbúa hverfisins af hraðakstri á Suðurlandsbraut og leggur mikla áherslu á að öryggi óvarðra vegfarenda við götuna verði bætt. Víðtækra breytinga á umhverfi götunnar er þörf til að svo verði en lækkun á heimilum hámarkshraða við götuna væri einfalt og skýrt fyrsta skref í átt að bættu öryggi.